

**Sp. 245. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]**

um endurskoðun gildandi lagaákvæða um réttindi vélstjóra á fiskiskipum.

F'lm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta fara fram endurskoðun á lögum þeim um atvinnu við siglingar, er sérstaklega snerta réttindi vélstjóra, og að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á þessu sviði til aukinna réttinda vélstjórnanna, í svipaða átt og áður hefur átt sér stað um réttindi skipstjórnarmanna á sams konar fiskiskipum.

**Greinargerð.**

Vélstjórafélag Vestmannaeyja hefur með bréfi, dags. 16. jan. þ. á., falið mér að hreyfa þessu máli á Alþingi. Ákvæðin, sem nú gilda um réttindi vélstjóra fiskiflotans (vélbátanna), virðast vera orðin úrelt vegna hinnar öru þróunar að því er stærð bátanna snertir. Hinir sömu agnúar, er urðu þess valdandi, að breyta varð að nokkru ákvæðum laganna um rétt til skipstjórnar á hinum stærri vélbátum, koma nú einnig í ljós — og hafa að vísu gert síðustu undanfarin ár — að því er réttindi vélstjórnanna snertir.

Hér er því þörf athugana um breytingar á gildandi lagaákvæðum, þar sem fullt tillit sé tekið til alls öryggis, er snertir líf og afkomu þess hluta sjómannastéttarinnar, er hér á hlut að máli, og einnig atvinnuvegarins í heild.

Afrit af bréfi Vélstjórafélags Vestmannaeyja til sjávarútvegsmálaráðherra, dags. 16. jan., og bréfi þess til flutningsmanns þessarar þáttill., dags. 17. jan., fylgja hér með.

Óviðráðanlegar ástæður ollu því, að málefni þetta var ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en raun ber vitni.

Nánar í framsögu.

**Fylgiskjal I.**

**Greinargerð Vélstjórafélags Vestmannaeyja varðandi réttindi mótórvélstjóra á fiskiskipum.**

Vélstjórafélag Vestmannaeyja leyfir sér hér með að fara þess á leit við yður, herra sjávarútvegsmálaráðherra, að þér hlutizt til um, að lögum um atvinnu við siglingar verði breytt hvað snertir réttindi vélstjóra á fiskiskipum (þ. e. mótórbátum), þannig, að þeir vélstjórar, sem lokið hafa prófi frá hinu minna mótórnámskeiði Fiskifélags Íslands, öðlist eftir hæfilegan starfstíma sem undirvélstjórar réttindi til þess að vera vélstjórar á fiskiskipum allt að 120 rúmlesta með allt að 500 h.k. vél.

Á undanförunum árum hefur þróunin orðið sú, að vélar í fiskiskipum verða æ stærri og stærri að hestaflatölu og einnig í hlutfalli við tonnatölu skipsins, og vart finnst dæmi um, ef skipt er um vél í skipi, að nýja vélin sé ekki stærri en sú vél, er í burtu var tekin. Fiskiskipin (vélbátarnir) hafa og á síðari árum stækkað.

Skipstjórnarnir hafa fengið sín réttindi aukin í samræmi við þróunina, en vélstjórar verða að fá tímabundna undanþágu frá settum reglum til þess að mega fylgja skipstjóra sínum í áframhaldandi starfi. Margir vélstjórar hætta og leita frekar eftir starfi í landi heldur en að standa í því vafstri og þeim óþægindum, sem réttindaleysið skapar.

Við þetta er margt að athuga.

Í fyrsta lagi: Sá hópur manna, sem vill og getur stundað sjómennsku, er sízt of stór, og löggjafanum ber skylda til að stuðla frekar að stækkun hans heldur en að útiloka menn frá sjómenskustarfinu.

Í öðru lagi skapast við þetta hættur og öryggisleysi, þá er óvanir eða lítt reyndir vélstjórar verða látnir taka við og gæta hinna dýru véla og hins ábyrgðarmikla starfs, þar sem handvömm getur valdið stórtjóni, eða jafnvel riðið á lífi margra manna. Og til að undirstrika þá hættu, sem hér blasir við, leyfir Vélstjórafélagið sér að benda á, að á s. l. ári hefur hér í Eyjum orðið að lögskrá 50 vélstjóra, sem ekki hafa haft tilskilin réttindi, en orðið að fá undanþágu til starfsins.

Hið minna mótornámskeið Fiskifélags Íslands, sem haldin hafa verið víðs vegar um landið, var upphaflega stofnað til þess að veita vélstjóraefnum á vélbátum þá undirbúningsmenntun, sem gerði þá hæfa til starfsins.

Vélstjórafélagið lítur svo á, að markmið mótornámskeiðanna sé enn hið sama og að sérhver vélstjóri, sem lýkur prófi frá slíku námskeiði, öðlist eftir hæfilegan starfstíma full réttindi til vélstjórnar á fiskiskipi (vélbát).

Vélstjórafélagið lítur svo á, að þér, hæstvirtur sjávarútvegsmálaráðherra, séuð málum þessum svo kunnugur, að óþarft sé að minnast á fleiri dæmi, en treystir því, að þér takið þessa málaleitan til vinsamlegrar afgreiðslu og hlutizt til um, að áðurnefndum lögum verði breytt, svo fljótt sem tók eru á.

Vestmannaeyjum, 16. jan. 1958.

Virðingarfyllst,

Vélstjórafélag Vestmannaeyja,

Þórarinn Gunnlaugsson,  
form.

Sveinbjörn Hjálmarsson,  
ritari.

Til sjávarútvegsmálaráðherra, Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

VÉLSTJÓRAFÉLAG VESTMANNAEYJA

Vestmannaeyjum, 17. jan. 1958.

Ég leyfi mér hér með að senda yður, herra alþingismaður, meðfylgjandi erindi Vélstjórafélags Vestmannaeyja varðandi réttindi vélstjóra á fiskiskipum.

Vélstjórafélagið vonast til þess, að þér ljáið þessu máli það lið, sem yður er unnt, og fylgið því eftir, að því verði hraðað sem allra mest.

Virðingarfyllst,

Vélstjórafélag Vestmannaeyja,

Þórarinn Gunnlaugsson, formaður.

Herra alþingismaður Jóhann Þ. Jósefsson, Alþingi, Reykjavík.